



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Dómsmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 25. ágúst 2023

2308011SA VRB/KÓ
Málalykill: oo.64

Efni: Umsögn við mál nr. 142/2023 í samráðsgátt. Áform um heildarendurskoðun á ákvæðum persónuverndarlaga.

1. Almenn um fyrirbyggjandi mál í samráðsgátt.

Vísað til er til máls nr. 142/2023 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem áformað er að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Er óskað eftir ábendingum um hvað í lögunum eða við framkvæmd þeirra kalli á endurskoðun áður en hafist verður handa við að gera drög að frumvarpi.

Með vísan til framangreindra áforma er ljóst að ekki var lagt fram skjal í samráðsgátt til skoðunar og athugasemda. Þegar af þeirri ástæðu áskilur sambandið sér rétt til að setja fram ítarlegri ábendingar þegar drög að frumvarpi líta dagsins ljós og birt verða svo síðar í samráðsgátt stjórnvalda.

2. Ábendingar og fyrri umsagnir sambandsins.

Ábendingar sambandsins lúta, að svo stöddu, einkum að því að ekki var tekið tillit til áður gerðra ábendinga af hálfu sambandsins við setningu gildandi persónuverndarlaga varðandi ákvæði um sektarheimildir gagnvart sveitarfélögum. Til frekar upplýsinga þá sendi sambandið umsögn sína þegar drög að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 9. mars 2018, sbr. mál nr. 31/2018, sbr. [umsögn sambandsins, dags. 19. mars 2018](#). Sambandið skilaði ennfremur [umsögn sinni við frumvarpið við þinglega meðferð þess hinn 6. maí 2018.](#), sbr. mál nr. 622 á 148. löggjafarþingi.

Óumdeilt er að löggjafinn hér á landi hafði og hefur enn svigrúm við innleiðingu á ákvæðum reglugerðarinnar (GDPR) er varðar ákvæði um sektarheimildir. Árættar sambandið fyrri sjónarmið sín þess efnis og telur nauðsynlegt að tekin sé upplýst ákvörðun á þessu stigi málsins um hvort fella beri ákvæðið úr lögum eins og það er í núgildandi löggjöf, þ.e.a.s. heimild til sektar á opinbera aðila.

Telur sambandið að ráðuneytinu og Alþingi sé bæði rétt og skylt við endurskoðun löggjafarinnar að horfa til þess hvernig umrætt ákvæði hefur verið innleitt hjá öðrum aðildarríkjum EES-samningsins. Þá má og að taka tillit til þess að sveitarfélög á Íslandi eru almennt mun fámennari en nokkurs staðar þekkist annars staðar í Evrópu.

3. Nánar um afstöðu sambandsins m.t.t. sjónarmiða sveitarfélaga.

Reglugerðin leggur það alfarið í hendur hlutaðeigandi ríkja hvort innleiða beri í löggjöf sektir gagnvart opinberum aðilum. Hámarksákvæði um sektir eru jafnframt á forræði aðildarríkjanna. Til samanburðar má benda á að Finnland kaus að leggja ekki sektir á opinbera aðila og Svíar gera ráð fyrir miklu lægri sektum á opinbera aðila. Auk þeirra hefur fjöldi annarra ESB ríkja eins og t.d. Írland, Belgía og Austurríki, ákveðið að sektir verði ekki lagðar á opinbera aðila.

Sambandið tekur fram að sérhver ákvörðun Persónuverndar um sekt á hendur opinberum aðilum hlýtur óhjákvæmilega að áhrif á möguleika þeirra til þess að sinna lögbundinni þjónustu sem ekki fer fram í hagnaðarskyni.

Er mikilvægt að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga hér á landi, og annarra opinberra aðila sem sinna lögboðinni þjónustu, er allt annars eðlis heldur en rekstur fyrirtækja á markaðsforsendum. Ljóst má vera að greiðsla sekta verður ekki sótt annars staðar en af skatttekjum sérhvers sveitarfélags og því líkur á því að minna fjármagn standi eftir til þess að sinna lögbundinni þjónustu, t.d. eins og rekstri grunnskóla og veitingu félagsþjónustu. Ákvarðanir um sektir fela þannig í sér auknar álögur á íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags og kemur óhjákvæmilega niður á getu sveitarfélags til að veita lögboðna þjónustu.

Telur sambandið því rétt að við endurskoðun laganna verði fellt úr gildi ákvæði núgildandi laga um sektarheimild gagnvart opinberum aðilum. Vera kann að eðlilegri nálgun sé sú að í stað sektarheimilda á opinbera aðila gætu ákvæði laganna endurspeglad úrræði sem fela í sér aukið og leiðbeinandi samtal, einhvers konar samráðsferli annars vegar á milli sveitarfélaga og hins vegar Persónuverndar. Eru slík úrræði mjög til þess fallin að ná markmiðum laganna og hljóta að auki að vera til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi aðila, líka eftirlitsstjórnvaldið.

4. Niðurlag.

Í ljósi alls framangreinds óskar sambandið eftir því að ráðuneytið að taki til skoðunar, við heildarendurskoðun sína á ákvæðum persónuverndarlaga, að fella úr gildi ákvæði núgildandi laga sem kveður á um sektarheimild gagnvart opinberum aðilum, eða eftir atvikum takmarka slíkar heimildir. Ef það er mat ráðuneytisins/löggjafans að sektir á opinbera aðila séu áfram nauðsynlegar þá þurfa þær hið minnsta að vera mun lægri en í tilvikum annarra aðila sem reka þjónustu á markaðsforsendum.

Sambandið óskar eftir fundi með ráðuneytinu til þess að fara nánar yfir framangreind sjónarmið sveitarfélaga samhliða gerð nýrra frumvarpsdraga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs